

# *Ársskýrsla Alþingis 2006–2007*

STÖRF 133. LÖGGJAFARÞINGS

ÁRSREIKNINGUR ALÞINGIS 2006

# *Ársskýrsla Alþingis 2006–2007*

STÖRF 133. LÖGGJAFARÞINGS

ÁRSREIKNINGUR ALÞINGIS 2006

Skrifstofa Alþingis gaf út

Reykjavík desember 2007

# *Efnisyfirlit*

Inngangur forseta Alþingis 5

Skipan þingsins á 133. þingi 2006–2007 7

Forsætisnefnd Alþingis 7

Þingmenn og þingflokkar á 133. þingi 8

Fastanefndir 11

Alþjóðanefndir 13

Þingstörfin 14

Þingmál 14

Þingfundir 15

Þingnefndir 16

Erlend samskipti 18

Heimsóknir og fundir forseta Alþingis í útlöndum 18

Erlendar heimsóknir til Alþingis 18

Störf alþjóðanefnda 19

Útgáfuefni Alþingis og fræðsla fyrir almenning 20

Skrifstofa Alþingis 21

Skipurit 21

Yfirlit um starfsmenn 21

Erlend samskipti starfsfólks á árinu 2006 23

Húsakostur Alþingis 24

Stofnanir Alþingis 2006 25

Sérstakar athafnir 26

Ársreikningur Alþingis 2006 29



Á forsíðu og víðar í þessari ársskýrslu eru ljósmyndir eftir Sigurgeir Sigurjónsson úr Þjóðgarðinum Skaftafelli. Á þessari síðu er mynd af Hundafossi, framan á ársreikningnum er Hvítárfoss, og Núpsfoss á bls. 30.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar segir m.a. eftirfarandi um Skaftafellsþjóðgarð:

„Vatnajökull er stærsti jökull Evrópu, þriðji stærsti jökull heimsins og þekur um 8% af Íslandi. Skaftafellsþjóðgarður nær yfir um 2/3 af jöklinum. Þjóðgarðurinn skiptist í þrjú ólík svæði: Skaftafell og undirlendi, Lakagíga og jökulhettuna sjálfa.

Skaftafell er gróðurvin umlukin söndum og jöklum. Þar er mikil veðursæld í skjóli Öræfajökuls. Eldgos, jöklar og vötn hafa mótað landið og skapað fjölbreyttar jarðmyndanir. Um 250 tegundir háplantna finnast í Skaftafelli og þar verpa rúmlega 30 tegundir fugla. Bæjarstaðarskógur er gamall skógur og þar verður birki hávaxnara en annars staðar á landinu. Skeiðarársandur er mesta sandflæmi Evrópu og mikilvægasti varpstaður skúms við Norður-Atlantshaf. Í þjóðgarðinum eru áhugaverðar menningarminjar, m.a. gamli burstabærinn Sel sem er í vörslu Þjóðminjasafnsins og heimarafstöðin fyrir neðan Magnúsarfoss.“

Skaftafellsþjóðgarður og Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum verða hluti af Vatnajökulsþjóðgarði þegar hann verður stofnaður.

# *Inngangur*

Hér kemur fyrir almenningssjónir níunda ársskýrsla Alþingis. Skýrslan nær yfir 133. löggjafarþing sem hófst 2. október 2006 og lauk 12. maí 2007. Í ársskýrslunni er greint frá þingstörfum á 133. þingi og rekstri Alþingis fjárhagsárið 2006. Þá eru upplýsingar um skrifstofu þingsins og starfsmannahald.

Ég hef talið það eitt af brýnustu verkefnum mínum sem forseta Alþingis að vinna að kynningu á störfum þingsins og treysta stöðu þess í vitund þjóðarinnar. Það er mikilvægt að Alþingi sinni upplýsingahlutverki sínu vel, enda er gegnsæi grundvöllur lýðræðislegra vinnubragða og einn mikilvægasti þátturinn í trausti almennings á stofnunum ríkisins. Þjóðþingið er grundvöllur þeirrar lýðræðisskipunar sem við búum við og er útgáfa ársskýrslu Alþingis mikilvægur þáttur í upplýsingagjöf þingsins.

Sífellt meiri upplýsingar hafa verið gerðar aðgengilegar rafrænt á undanförnum árum og er vefur Alþingis drjúgur upplýsingabrunnur um störf þingsins. Heimsóknir, jafnt opinberar sem vinnuheimsóknir frá erlendum þjóðþingum, eru ávallt margar á ári hverju. Þá kemur nokkur fjöldi ferðamanna til að skoða Alþingishúsið.



*Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis.*

Þingfundir hafa verið haldnir í heyrandа hljóði um alllangt skeið þar sem gestir geta setið á þingpöllum og fylgst með. Slíkum heimsóknum á pallana hefur þó fækkað eftir að beinar sjónvarpsútsendingar hófust úr þingsal. Jafnframt ber að geta heimsókna skólafólks, en Alþingi tekur á móti talsverðum fjölda námsmanna á hverju ári. Skólaþingið, sem kynnt var á vordögum 2007, mun væntanlega ekki draga úr slíkum heimsóknum í framtíðinni nema síður sé.

Meðan 133. löggjafarþing Alþingis stóð var unnið markvisst að því að undirbúa Skólaþing, kennsluver Alþingis fyrir efstu bekki grunnskóla. Þar fara nemendur í hlutverkaleik og fylgja í stórum dráttum reglum um starfshætti Alþingis. Var Skólaþingið kynnt í apríl 2007 af fyrri forseta þingsins, Sólveigu Pétursdóttur, og setti ég það formlega í nóvember. Mun Skólaþingið vonandi gegna stóru hlutverki í samfélagsfræðslu grunnskóla landsins í framtíðinni og þannig verða lóð á vogarskálarnar við að kynna Alþingi fyrir yngri kynslóðinni.

Fastanefndir Alþingis gegna veigamiklu hlutverki í starfi þingsins. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007 var samþykkt að auka verulega þá fjárveitingu sem nefndirnar fá til að greiða fyrir aðkeypta sérfræðiþjónustu. Það styrkir starf þeirra frekar. Þá ber að nefna það nýmæli sem varð í kjölfar breytingar á þingsköpum á 133. þingi að nú eru nefndir þingsins kosnar til alls kjörtímabilsins, jafnt fastanefndir sem alþjóðanefndir. Þessar breytingar eiga að tryggja frekari samfellu í starfinu, m.a. með því að nefndir starfa í þinghléi. Þá er það einnig nýmæli að forseti Alþingis er nú kjörinn til alls kjörtímabilsins, í stað hvers þings fyrir sig.

Töluverðar endurbætur hafa verið gerðar á húsakosti Alþingis undanfarin ár og hefur húsnæði verið komið til upphaflegs forms eftir því sem tök hafa verið á. Hluti af þeim gagngeru endurbótum sem gerðar voru á Alþingishúsinu var að endurnýja húsgögn. Húsgögnin eru íslensk hönnun, öll úr eik og stólarnir klæddir leðri. Litir á áklæði

taka mið af litum í Alþingishúsinu sem allir eru upprunalegir. Á hluta borðanna eru glerplötur með myndskreytingum sem eru vísun í Lögréttu og goða sem þar áttu sæti. Þá eru fundarborð í þingflokksherbergjum gerð úr einingum og þannig er hægt að breyta uppröðun og fjölda ef breyting verður í þingflokki. Húsgögnin voru tekin formlega í gagnið í lok apríl 2007. Leó Jóhannsson, lektor við Háskólann í Linköping í Svíþjóð, hannaði þau.

Hið mikla endurbótastarf sem hefur verið unnið á undanförnum árum hefur miðað að viðhaldi og endurgerð, en fram undan er uppbygging Alþingisreitsins til framtíðar. Í ræðu sem ég flutti þegar ég tók við embætti forseta Alþingis 31. maí sl. lagði ég áherslu á það að heiðra og að rækta beri hefðina og söguna en jafnframt hlýða kalli tímans og fylgja þróuninni. Ég lagði áherslu á að mikilvægt væri að búa þeim fulltrúum sem kjörnir eru á Alþingi jafngott starfsumhverfi og almennt tíðkaðist í samfélaginu. Þannig þyrfti að leggja drög að framtíðaraðstöðu þingsins á Alþingisreitnum og undirbúa þar nauðsynlegar framkvæmdir. Í lok september 2007 kynnti ég hugmyndir um framtíðaruppbyggingu Alþingisreitsins og verður hafist handa við þær árið 2008.

Gerðar voru skipulagsbreytingar á skrifstofu Alþingis og tók nýtt skipurit Alþingis gildi við upphaf 133. löggjafarþings, þann 2. október 2006. Þau nýmæli urðu á skipulagi skrifstofunnar að nú eru þrír aðstoðarskrifstofustjórar skrifstofustjóra Alþingis til aðstoðar, en skrifstofustjóri rekstrar er jafnframt staðgengill skrifstofustjóra Alþingis. Undir hina þrjá nýju aðstoðarskrifstofustjóra heyra þrjár skrifstofur: skrifstofa forseta Alþingis, þingfundaskrifstofa og fjármálaskrifstofa. Að öðru leyti skiptist skrifstofa Alþingis í þrjú kjarnasvið og heyra forstöðumenn þeirra beint undir skrifstofustjóra. Þessar breytingar voru gerðar með það að markmiði að skýra verkefnasvið skrifstofunnar og auka skilvirkni hennar.

Ársskýrslan verður sem fyrr send alþingismönnum, ráðuneytum og stofnunum ríkisins ásamt fjölmiðlum, svo og öðrum sem þess óska. Þá verður skýrslan birt á vef Alþingis og þannig tryggt að hún sé aðgengileg almenningi.

Ég færi þeim starfsmönnum Alþingis sem tekið hafa skýrsluna saman þakkir mínar.

*Sturla Böðvarsson,*
*forseti Alþingis.*

# Skipan þingsins á 133. þingi 2006–2007



*Á þingsetningardegi, mánudaginn 2. október 2006, stýrði starfsaldursforseti, Jóhanna Sigurðardóttir, fyrsta fundi. Hér tekur kjörinn forseti, Sólveig Pétursdóttir, við sæti sínu. Aðrir á myndinni eru Geir H. Haarde, Árni M. Mathiesen og Guðni Ágústsson.*

## FORSÆTISNEFND ALÞINGIS

| | |
|---|---|
| Sólveig Pétursdóttir, | forseti Alþingis, |
| Rannveig Guðmundsdóttir, | 1. varaforseti, |
| Jón Kristjánsson, | 2. varaforseti, |
| Birgir Ármannsson, | 3. varaforseti, |
| Jóhanna Sigurðardóttir, | 4. varaforseti, |
| Þuríður Backman, | 5. varaforseti, |
| Sigríður A. Þórðardóttir, | 6. varaforseti. |

Forsætisnefnd hélt 22 fundi á 133. löggjafarþingi og forseti Alþingis hélt u.þ.b. 15 fundi með formönnum þingflokka.

# ÞINGMENN OG ÞINGFLOKKAR Á 133. ÞINGI

Á 133. þingi hélt þingflokkur Framsóknarflokks 36 fundi, þingflokkur Frjálslynda flokksins 49 fundi, þingflokkur Samfylkingarinnar 55 fundi, þingflokkur Sjálfstæðisflokks 38 fundi og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 50 fundi.

Alls tóku 23 varaþingmenn sæti á 133. löggjafarþingi, þar af sjö í fyrsta sinn.

## SKIPAN ÞINGFLOKKA

### FRAMSÓKNARFLOKKUR:

1. Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.
2. Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.
3. Guðjón Ólafur Jónsson, 7. þm. Reykv. n.
4. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
5. Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.
6. Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.
7. Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.
8. Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.[1]
9. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
10. Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.
11. Sæunn Stefánsdóttir, 11. þm. Reykv. n.
12. Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust.

### FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN:[2]

1. Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.
2. Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.
3. Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.

### SAMFYLKINGIN:

1. Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.
2. Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.
3. Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.
4. Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.
5. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
6. Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.
7. Helgi Hjörvar, 5. þm. Reykv. n.
8. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.
9. Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.
10. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.
11. Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.
12. Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvest.
13. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
14. Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.
15. Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.
16. Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.
17. Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.
18. Valdimar L. Friðriksson, 9. þm. Suðvest.[3]
19. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.
20. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

### SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.
2. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðvest.
3. Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.
4. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
5. Bjarni Benediktsson, 8. þm. Suðvest.
6. Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv. n.
7. Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.
8. Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.
9. Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.
10. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
11. Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.
12. Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.
13. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.
14. Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.
15. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.
16. Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.
17. Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.
18. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Suðvest.
19. Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.
20. Sigurrós Þorgrímsdóttir, 11. þm. Suðvest.
21. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.
22. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
23. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 6. þm. Suðvest.

### VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ:

1. Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.
2. Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.
3. Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.
4. Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.
5. Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

[1] Þann 12. febrúar 2007 sagði Kristinn H. Gunnarsson sig úr þingflokki framsóknarmanna og þann 19. febrúar var tilkynnt á þingfundi að hann hefði gengið í þingflokk Frjálslynda flokksins.

[2] Þann 21. janúar 2007 gekk Valdimar L. Friðriksson í þingflokk Frjálslynda flokksins og var tilkynnt um það á þingfundi daginn eftir. Þann 19. febrúar var tilkynnt á þingfundi að Kristinn H. Gunnarsson hefði gengið í Frjálslynda flokkinn.

[3] Þann 20. nóvember 2006 var tilkynnt á þingfundi að Valdimar L. Friðriksson hefði sagt sig úr þingflokki Samfylkingarinnar og hygðist til loka kjörtímabils starfa á Alþingi sem óháður þingmaður utan þingflokka.

## STJÓRNIR ÞINGFLOKKA

**FRAMSÓKNARFLOKKUR:**

Hjálmar Árnason formaður,
Dagný Jónsdóttir varaformaður,
Guðjón Ólafur Jónsson ritari.

**FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN:**

Magnús Þór Hafsteinsson formaður,
Sigurjón Þórðarson varaformaður,
Guðjón A. Kristjánsson ritari.

**SAMFYLKINGIN:**

Össur Skarphéðinsson formaður,
Kristján L. Möller varaformaður,
Þórunn Sveinbjarnardóttir ritari.

**SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR:**

Arnbjörg Sveinsdóttir formaður,
Guðlaugur Þór Þórðarson varaformaður,
Drífa Hjartardóttir ritari.

**VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ:**

Ögmundur Jónasson formaður,
Þuríður Backman varaformaður,
Kolbrún Halldórsdóttir ritari.



*Þingflokkur Framsóknarflokksins á fundi í þingflokksherbergi sínu á fyrstu hæð í Alþingishúsinu á þingsetningardag, 2. október 2006.*



*Þingflokkur Vinstri grænna á fyrstu hæð í Alþingishúsinu 2. október 2006, Jón Bjarnason, Þuríður Backman, Drífa Snædal framkvæmdastjóri þingflokksins, Ögmundur Jónasson þingflokksformaður, Kolbrún Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.*

### Skipan þingflokka eftir kynjum við upphaf 133. löggjafarþings

| Þingflokkar | Karlar | Konur | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Framsóknarflokkur | 7 | 5 | 12 |
| Frjálslyndi flokkurinn | 3 | | 3 |
| Samfylkingin | 11 | 9 | 20 |
| Sjálfstæðisflokkur | 16 | 7 | 23 |
| Vinstri hreyfingin – grænt framboð | 3 | 2 | 5 |
| | 40 | 23 | 63 |



*Þingflokkur Samfylkingarinnar fundar á fyrstu hæð í Skála á þingsetningardag, 2. október 2006.*

## VARAÞINGMENN SEM TÓKU SÆTI Á 133. ÞINGI

| Varaþingmaður | Stjórnmála-flokkur | Aðalmaður | Tímabil |
|---|---|---|---|
| Adolf H. Berndsen | S | Sturla Böðvarsson | 01.11.-15.12.2006 |
| Álfheiður Ingadóttir | Vg | Ögmundur Jónasson | 06.11.-20.11.2006 |
| Árni Steinar Jóhannsson | Vg | Jón Bjarnason | 09.10.-23.10.2006 |
| Björn Ingi Hrafnsson* | F | Jónína Bjartmarz | 06.11.-20.11.2006 |
| Bryndís Haraldsdóttir | S | Þorgerður K. Gunnarsdóttir | 27.02.-13.03.2007 |
| Eiríkur Jónsson* | Sf | Jóhann Ársælsson | 19.10.-06.11.2006 |
| Ellert B. Schram | Sf | Helgi Hjörvar | 16.11.-04.12.2006 |
| | | Helgi Hjörvar | 05.02.-26.02.2007 |
| | | Guðrún Ögmundsdóttir | 26.02.-12.03.2007 |
| | | Ingibjörg Sólrún Gísladóttir | 16.03.-18.03.2007 |
| Fanný Gunnarsdóttir | F | Guðjón Ólafur Jónsson | 09.10.-23.10.2006 |
| Guðjón Guðmundsson | S | Einar K. Guðfinnsson | 31.10.-20.11.2006 |
| | | Sturla Böðvarsson | 12.03.-18.03.2007 |
| Helga Þorbergsdóttir* | S | Drífa Hjartardóttir | 17.01.-31.01.2007 |
| Herdís Á. Sæmundardóttir | F | Magnús Stefánsson | 15.03.-18.03.2007 |
| Hlynur Hallsson | Vg | Þuríður Backman | 15.01.-29.01.2007 |
| Ingvi Hrafn Óskarsson | S | Björn Bjarnason | 26.02.-19.03.2007 |
| Jón Kr. Óskarsson | Sf | Katrín Júlíusdóttir | 17.03.-19.03.2007 |
| Katrín Fjeldsted | S | Björn Bjarnason | 04.12.-10.12.2006 |
| | | Guðlaugur Þór Þórðarson | 16.01.-30.01.2007 |
| | | Björn Bjarnason | 12.02.-26.02.2007 |
| Kolbrún Baldursdóttir* | S | Geir H. Haarde | 20.11.-04.12.2006 |
| Lilja Rafney Magnúsdóttir | Vg | Jón Bjarnason | 23.01.-06.02.2007 |
| Ólafur Níels Eiríksson* | F | Birkir J. Jónsson | 15.02.-01.03.2007 |
| Sigríður Ingvarsdóttir | S | Halldór Blöndal | 19.10.-06.11.2006 |
| Sigurlín Margrét Sigurðardóttir | Utan flokka | Gunnar Örlygsson | 19.02.-08.03.2007 |
| Svanhvít Aradóttir* | F | Valgerður Sverrisdóttir | 20.02.-08.03.2007 |
| Þórarinn E. Sveinsson | F | Valgerður Sverrisdóttir | 30.11.-10.12.2006 |
| Þórdís Sigurðardóttir* | S | Sigríður A. Þórðardóttir | 09.10.-23.10.2006 |
| | | Bjarni Benediktsson | 30.11.-10.12.2006 |

Þegar * er aftan við nafnið merkir það að varamaður tekur sæti á Alþingi í fyrsta sinn.

# FASTANEFNDIR



*Í upphafi hvers þings draga þingmenn sér sæti með því að velja af handahófi tölusettar kúlur úr trékassa. Dagný Jónsdóttir réttir skrifstofustjóra þingsins, Helga Bernódussyni, kúluna sem hún dró. Hann er í hvarfi en sjáanleg á myndinni eru Jón Kristjánsson, Jón Sigurðsson og Sólveig Pétursdóttir.*

Listinn eins og hann leit út við upphaf þings og breytingar sem urðu á þingtímanum:

**Allsherjarnefnd**

Bjarni Benediktsson formaður,
Guðjón Ólafur Jónsson varaform.,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Birgir Ármannsson,
Björgvin G. Sigurðsson,
Guðrún Ögmundsdóttir,
Kjartan Ólafsson,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Sigurjón Þórðarson.

**Efnahags- og viðskiptanefnd**

Pétur H. Blöndal formaður,
Sæunn Stefánsdóttir varaform.,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Ásta Möller,
Birgir Ármannsson,
Dagný Jónsdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Lúðvík Bergvinsson,
Ögmundur Jónasson.

**Félagsmálanefnd**

Dagný Jónsdóttir formaður,
Einar Oddur Kristjánsson varaform.,
Birkir J. Jónsson,
Guðjón Hjörleifsson,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Lúðvík Bergvinsson,
Magnús Þór Hafsteinsson,
Pétur H. Blöndal,
Valdimar L. Friðriksson.[4]

4 Valdimar L. Friðriksson gekk úr Samfylkingunni 20. nóvember 2006 og vék þá sæti. Í hans stað kom Helgi Hjörvar.

**Fjárlaganefnd**

Birkir J. Jónsson formaður,
Einar Oddur Kristjánsson varaform.,
Arnbjörg Sveinsdóttir,
Bjarni Benediktsson,
Drífa Hjartardóttir,
Einar Már Sigurðarson,
Guðjón Ólafur Jónsson,
Guðjón A. Kristjánsson,
Helgi Hjörvar,
Jón Bjarnason,
Katrín Júlíusdóttir.

**Heilbrigðis- og trygginganefnd**

Guðjón Ólafur Jónsson formaður,
Ásta Möller varaform.,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir,
Gunnar Örlygsson,
Kristján L. Möller,



*Guðlaugur Þór Þórðarson og Hjálmar Árnason við upphaf þingsetningarfundar í október 2006.*

Pétur H. Blöndal,
Sæunn Stefánsdóttir,
Þuríður Backman.

**Iðnaðarnefnd**

Hjálmar Árnason formaður,
Sigríður A. Þórðardóttir varaform.,
Gunnar Örlygsson,
Helgi Hjörvar,
Jóhann Ársælsson,
Katrín Júlíusdóttir,
Kjartan Ólafsson,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Sigurjón Þórðarson.[5]

**Landbúnaðarnefnd**

Drífa Hjartardóttir formaður,
Kristinn H. Gunnarsson varaform.,[6]
Anna Kristín Gunnarsdóttir,
Birkir J. Jónsson,
Guðmundur Hallvarðsson,
Gunnar Örlygsson,
Jóhann Ársælsson,
Jón Bjarnason,
Valdimar L. Friðriksson.[7]

**Menntamálanefnd**

Sigurður Kári Kristjánsson formaður,
Dagný Jónsdóttir varaformaður,
Björgvin G. Sigurðsson,
Einar Már Sigurðarson,
Kjartan Ólafsson,
Kolbrún Halldórsdóttir,
Mörður Árnason,
Sigurrós Þorgrímsdóttir,
Sæunn Stefánsdóttir.

**Samgöngunefnd**

Guðmundur Hallvarðsson formaður,
Hjálmar Árnason varaform.,
Anna Kristín Gunnarsdóttir,
Guðjón Hjörleifsson,
Guðjón A. Kristjánsson,
Kristján L. Möller,
Jón Kristjánsson,
Sigurrós Þorgrímsdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir.

**Sjávarútvegsnefnd**

Guðjón Hjörleifsson formaður,
Kristinn H. Gunnarsson varaform.,[8]
Arnbjörg Sveinsdóttir,
Guðjón Ólafur Jónsson,
Guðlaugur Þór Þórðarson,
Jóhann Ársælsson,
Jón Bjarnason,
Jón Gunnarsson,
Magnús Þór Hafsteinsson.

**Umhverfisnefnd**

Guðlaugur Þór Þórðarson formaður,
Kristinn H. Gunnarsson varaform.,[9]
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Ásta Möller,
Kjartan Ólafsson,
Kolbrún Halldórsdóttir,
Mörður Árnason,
Rannveig Guðmundsdóttir,
Sigurrós Þorgrímsdóttir.

**Utanríkismálanefnd**

Halldór Blöndal formaður,
Jón Kristjánsson varaform.,
Bjarni Benediktsson,
Drífa Hjartardóttir,
Jón Gunnarsson,
Steingrímur J. Sigfússon,
Sæunn Stefánsdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Össur Skarphéðinsson.

*Varamenn:*
Sigurður Kári Kristjánsson,
Dagný Jónsdóttir,
Sigurrós Þorgrímsdóttir,
Guðlaugur Þór Þórðarson,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Guðjón A. Kristjánsson,
Guðjón Ólafur Jónsson,
Margrét Frímannsdóttir,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

5 Þann 22. febrúar 2007 tók Kristinn H. Gunnarsson sæti Sigurjóns Þórðarsonar í nefndinni.

6 Þann 12. febrúar 2007 gekk Kristinn H. Gunnarsson úr Framsóknarflokknum og vék þar með sæti í nefndinni. Sæti hans tók Jón Kristjánsson.

7 Þann 20. nóvember 2006 tók Einar Már Sigurðarson sæti Valdimars L. Friðrikssonar sem gengið hafði úr Samfylkingunni og var utan flokka.

8 Þann 12. febrúar 2007 gekk Kristinn H. Gunnarsson úr Framsóknarflokknum og lét um leið af nefndarsetu. Sæti hans tók Hjálmar Árnason.

9 Þann 12. febrúar 2007 gekk Kristinn H. Gunnarsson úr Framsóknarflokknum og lét um leið af nefndarsetu. Sæti hans tók Guðjón Ólafur Jónsson.

Listinn eins og hann leit út við upphaf þings og breytingar sem urðu á þingtímanum:

**Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins**
Ásta Möller formaður,
Hjálmar Árnason varaform.,
Kristján L. Möller.

**Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA**
Guðlaugur Þór Þórðarson formaður,
Birkir J. Jónsson varaform.,
Bjarni Benediktsson,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Lúðvík Bergvinsson.

**Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins**
Birgir Ármannsson formaður,
Kristinn H. Gunnarsson varaform.,[10]
Margrét Frímannsdóttir.

**Íslandsdeild NATO-þingsins**
Össur Skarphéðinsson formaður,
Einar Oddur Kristjánsson varaform.,
Dagný Jónsdóttir.

**Íslandsdeild Norðurlandaráðs**
Sigríður A. Þórðardóttir formaður,
Jón Kristjánsson varaform.,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Drífa Hjartardóttir,
Kjartan Ólafsson,
Rannveig Guðmundsdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon.

**Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál**
Sigurður Kári Kristjánsson formaður,
Guðjón Ólafur Jónsson varaform.,
Björgvin G. Sigurðsson.

**Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins**
Halldór Blöndal formaður,
Hjálmar Árnason varaform.,
Anna Kristín Gunnarsdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir,
Sigurjón Þórðarson,
Sigurrós Þorgrímsdóttir.

**Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins**
Guðjón Hjörleifsson formaður,
Gunnar Örlygsson varaform.,
Einar Már Sigurðarson.

**Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu**
Pétur H. Blöndal formaður,
Sæunn Stefánsdóttir varaform.,
Jóhanna Sigurðardóttir.



*Reymond Henault, formaður hermálanefndar NATO, ræddi við íslenska ráðamenn í apríl 2007. Á Alþingi átti hann fund með Sólveigu Pétursdóttur, forseta þingsins.*

10 Þann 12. febrúar 2007 sagði Kristinn H. Gunnarsson sig úr Framsóknarflokknum og vék um leið sæti í nefndinni. Sæti hans tók Dagný Jónsdóttir.

# Þingstörfin



*Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra, Siv Friðleifsdóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra, Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Geir H. Haarde forsætisráðherra við þingsetningu 2. október 2006. Að auki má sjá Jóhönnu Sigurðardóttur og Kristján L. Möller.*

Forseti Íslands setti 133. löggjafarþing mánudaginn 2. október 2006. Þingið var að störfum frá 2. október til 9. desember 2006 og frá 15. janúar til 18. mars 2007. Þá var þingi frestað til loka kjörtímabils 12. maí 2007. Þingfundadagar voru alls 72, þingfundir urðu 96 og stóðu í 490 klukkustundir. Lengsti þingfundurinn stóð í ríflega 16 klukkstundir og lengsta umræðan, um frumvarp um Ríkisútvarpið ohf., stóð í tæpar 70 klukkustundir. 33 fundir stóðu lengur en til kl. 8 að kvöldi.

Kjördæmadagar voru 23.–27. október 2006 og lágu þingfundir þá niðri. Alls voru átta starfsdagar eingöngu helgaðir nefndastarfi.

## ÞINGMÁL

Þingmál til meðferðar á 133. þingi voru alls 710. Tala prentaðra þingskjala var 1416.

Mestar umræður fyrir utan fjárlaga- og fjáraukalagaumræðu urðu um breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Miklar umræður urðu einnig um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, samgönguáætlun, stjórnarskipunarlög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Lagafrumvörp voru 212 og urðu alls 114 að lögum, tvö voru kölluð aftur, tveimur var vísað til ríkisstjórnarinnar og 94 urðu ekki útrædd. Stjórnarfrumvörp voru 125 og þar af urðu 103 að lögum. Þingmannafrumvörp voru 81 og voru fimm þeirra afgreidd sem lög. Frumvörp frá nefndum voru sex og urðu öll að lögum.

Þingsályktunartillögur voru samtals 109 og voru 30 þeirra samþykktar sem ályktanir Alþingis, þremur var vísað til ríkisstjórnarinnar og 76 urðu ekki útræddar. Stjórnartillögur voru 20, og urðu 18 að ályktunum. Þingmannatillögur voru 89, 12 þeirra voru samþykktar sem ályktanir.

Fyrirspurnir á þingskjölum voru samtals 355. Munnlegar fyrirspurnir voru 194 og var 168 svarað. Skriflegar fyrirspurnir voru 161 og var 158 svarað. Óundirbúnar, munnlegar fyrirspurnir til ráðherra skv. 49. gr. þingskapa voru 34.

Skriflegar skýrslur voru samtals 34, þar af voru beiðnir um skýrslur frá ráðherrum þrjár og bárust skýrslur við öllum. Munnlegar skýrslur voru samtals fimm,



*Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra, Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra, Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra og Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra við þingsetningu 2. október 2006. Að auki má sjá Sæunni Stefánsdóttur og Björgvin G. Sigurðsson.*

þrjár frá ráðherra og aðrar munnlegar skýrslur tvær.

Umræður utan dagskrár voru 34 og athugasemdir um störf þingsins í upphafi fundar voru á 47 þingfundum.

Atkvæðagreiðslur voru alls 1538, flestar fóru fram með rafrænum hætti en fjórum sinnum var nafnakall. Atkvæðagreiðslur tóku samtals 15 klukkustundir. 77% atkvæðagreiðslnanna voru samhljóða, í 23% þeirra voru mótatkvæði eða hjáseta.

*Tíu mest ræddu málin á 133. löggjafarþingi*

| Heiti máls | Tími í klst. |
|---|---|
| **Ríkisútvarpið ohf.** | **70** |
| **Fjárlög 2007** | **34** |
| **Fjáraukalög 2006** | **15** |
| **Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum** | **12** |
| **Samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018** | **9** |
| **Stjórnarskipunarlög** | **8** |
| **Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu** | **7** |
| **Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra** | **6** |
| **Landsvirkjun** | **5** |
| **Verðlagsstofa skiptaverðs o.fl.** | **5** |

## ÞINGFUNDIR

Á 133. þingi var heildarfundartími 490 klukkustundir. Mestur tími fer jafnan í umræður um frumvörp til laga og tóku þær 321 klukkustund. Næstmesta af tíma þingsins var varið í fyrirspurnir og svör við þeim, 42 klukkustundum, en umræður um þingsályktunartillögur stóðu í 40 klukkustundir.

Nánari skiptingu fundartíma á 133. löggjafarþingi má sjá í kökuriti.

*Skipting ræðna milli stjórnar- og stjórnarandstöðuþingmanna*

| | Fjöldi ræðna | Tími í klst. |
|---|---|---|
| **Stjórnarþingmenn** | **2881** | **145** |
| **Stjórnarandstöðuþingmenn** | **3772** | **309** |

*Skipting fundartíma á 133. löggjafarþingi*




**HEILDARFUNDARTÍMI 490 KLST.**

Í töflum um skiptingu ræðutíma milli umræðna og skiptingu ræðna eftir stjórn og stjórnarandstöðu eru allar ræður teknar með, svo sem andsvör, athugasemdir og atkvæðaskýringar.

## ÞINGNEFNDIR

Á 133. löggjafarþingi héldu fastanefndir fundi venju samkvæmt fyrir hádegi þingfundadagana. Þá voru átta dagar ætlaðir eingöngu til nefndastarfa. Alls héldu fastanefndir 350 fundi sem stóðu í samtals 465 klukkustundir. Samtals komu 1520 gestir á fundi fastanefndanna og 202 þingmálum var vísað til þeirra. Þar af voru 147 afgreidd.

Nefndirnar sendu 4326 beiðnir um umsagnir um samtals 118 þingmál. Bárust um 1700 erindi um þau, og um 70 erindi um önnur mál. Að auki bárust um 900 erindi til fjárlaganefndar.

Af þeim 202 þingmálum sem vísað var til nefnda voru 148 lagafrumvörp, þar af 118 frá ríkisstjórn en 30 flutt af þingmönnum.

Nefndirnar afgreiddu með nefndaráliti 115 lagafrumvörp, 109 stjórnarfrumvörp en sex þingmannafrumvörp.

Af þingsályktunartillögum sem vísað var til nefnda voru 17 frá ríkisstjórn en 37 frá þingmönnum.

Alls voru 17 stjórnartillögur afgreiddar með nefndaráliti og 15 þingmannatillögur. Þingsályktunartillögur um þingfrestun, en þær voru tvær á þinginu, voru afgreiddar

*Skipting ræðutíma milli umræðna um afgreidd lagafrumvörp*

| | Fjöldi ræðna | Tími í klst. |
|---|---|---|
| **1. umræða** | **1671** | **117** |
| **2. umræða** | **1055** | **82** |
| **3. umræða** | **491** | **72** |

### LAGAFRUMVÖRP Á 133. LÖGGJAFARÞINGI

| Flutningsmenn | Alls framlögð | Afgreidd samhljóða | Afgreidd með ágreiningi | Afgreidd sem lög | Óafgreidd/ Kölluð aftur |
|---|---|---|---|---|---|
| Ríkisstjórn | 125 | 75 | 28 | 103 | 21/1 |
| Stjórnarþingmenn | 22 | 2 | 1 | 3 | 19/0 |
| Stjórnarandstöðuþingmenn | 59 | 1 | 1 | 2 | 56/1 |
| Nefnd eða meiri hluti nefndar | 6 | 6 | 0 | 6 | 0/0 |
| Samtals | 212 | 84 | 30 | 114 | 96/2 |

### ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR Á 133. LÖGGJAFARÞINGI

| Flutningsmenn | Alls framlagðar | Afgreiddar samhljóða | Afgreiddar með ágreiningi | Afgreiddar sem ályktanir | Óafgreiddar |
|---|---|---|---|---|---|
| Ríkisstjórn | 20 | 14 | 4 | 18 | 2 |
| Stjórnarþingmenn | 25 | 7 | 2 | 9 | 16 |
| Stjórnarandstöðuþingmenn | 64 | 3 | 0 | 3 | 61 |
| Nefnd eða meiri hluti nefndar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Samtals | 109 | 24 | 6 | 30 | 79 |

### FYRIRSPURNIR Á 133. LÖGGJAFARÞINGI

| Flutningsmenn | Ósk um munnlegt svar | | Ósk um skriflegt svar | | Óundirbúnar fyrirspurnir |
|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Svarað | Fjöldi | Svarað | |
| Stjórnarþingmenn | 34 | 27 | 46 | 46 | 3 |
| Stjórnarandstöðuþingmenn | 160 | 141 | 115 | 112 | 31 |
| Samtals | 194 | 168 | 161 | 158 | 34 |

### SKÝRSLUR Á 133. LÖGGJAFARÞINGI

| Skýrslur ráðherra skv. beiðni | Aðrar skýrslur ráðherra en skv. beiðni | Munnlegar skýrslur ráðherra | Munnlegar skýrslur frá stofnunum Alþingis | Skýrslur frá alþjóðanefndum | Skýrslur frá fastanefndum | Samtals skýrslur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 22 | 3 | 2 | 9 | 0 | 39 |

við eina umræðu og var þeim ekki vísað til nefndar.

Nefndirnar luku ekki afgreiðslu á 54 þingmálum, níu frá ríkisstjórn og 45 frá þingmönnum. Eitt stjórnarfrumvarp var kallað aftur.

Fastanefndir (eða meiri hlutar þeirra) fluttu sex frumvörp í eigin nafni og voru þau öll afgreidd. Engin nefnd skilaði skýrslu um mál sem tekið var upp að eigin frumkvæði, sbr. heimild í 26. gr. laga um þingsköp Alþingis.

Nánari upplýsingar um nefndarfundi og lengd þeirra, svo og afgreiðslu þingmála og skiptingu þeirra milli fastanefndanna 12 er að finna í meðfylgjandi töflu um nefndastörf á 133. þingi.




*124. og 129. voru stutt aukaþing og eru ekki með í yfirlitinu.*

## Nefndastörf á 133. löggjafarþingi

| | Fundir | Fundartími (klst.) | Mál til nefnda | Afgreidd mál | Nefndarálit Samhljóða | Nefndarálit Ágreiningur | Umsagnar-beiðnir | Erindi til nefnda | Gestir nefnda | Mál flutt af nefnd |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allsherjarnefnd | 32 | 32 | 25 | 20 | 18 | 2 | 324 | 142 | 113 | 2 |
| Efnahags- og viðskiptanefnd | 41 | 62 | 43 | 31 | 26 | 5 | 707 | 344 | 208 | 0 |
| Félagsmálanefnd | 22 | 31 | 12 | 8 | 7 | 1 | 218 | 73 | 50 | 0 |
| Fjárlaganefnd | 40 | 60 | 4 | 4 | 0 | 4 | 0 | 913 | 297 | 0 |
| Heilbrigðis- og trygginganefnd | 27 | 41 | 13 | 10 | 9 | 1 | 482 | 174 | 118 | 0 |
| Iðnaðarnefnd | 24 | 29 | 12 | 9 | 6 | 3 | 508 | 158 | 103 | 0 |
| Kjörbréfanefnd | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Landbúnaðarnefnd | 23 | 24 | 6 | 5 | 3 | 2 | 122 | 47 | 87 | 1 |
| Menntamálanefnd | 42 | 61 | 18 | 9 | 6 | 3 | 617 | 172 | 201 | 0 |
| Samgöngunefnd | 30 | 51 | 22 | 18 | 16 | 2 | 748 | 275 | 160 | 0 |
| Sérnefnd | 6 | 9 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 29 | 0 |
| Sjávarútvegsnefnd | 18 | 18 | 9 | 5 | 5 | 0 | 176 | 82 | 22 | 0 |
| Umhverfisnefnd | 20 | 28 | 12 | 5 | 4 | 1 | 370 | 137 | 57 | 3 |
| Utanríkismálanefnd | 23 | 18 | 24 | 23 | 20 | 3 | 54 | 31 | 75 | 0 |
| Alls | 350 | 465 | 202 | 147 | 120 | 27 | 4326 | 2553 | 1520 | 6 |

# Erlend samskipti

Forseti Alþingis fór í þrjár opinberar heimsóknir á 133. löggjafarþingi og sótti að vanda fund þingforseta norrænu þinganna. Snar þáttur í starfi forseta Alþingis er ævinlega að sinna samskiptum við önnur þing og ýmsa gesti Alþingis.

Forseti Alþingis tekur ár hvert á móti fjölda gesta í Alþingishúsinu, bæði forsetum annarra þinga og erlendum sendinefndum, sem og öðrum gestum. Þá heimsækja margir gestir annarra stjórnvalda forseta Alþingis.

Vegna þess að þinginu lauk með frestun þingfunda 17. mars og alþingiskosningum 12. maí 2007 eru færri heimsóknir bæði til þingsins og frá því.



*Rannveig Guðmundsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir fóru til Sádi-Arabíu í janúar 2007 og ræddu m.a. samskipti menningarheima, þjóðfélagsþróun í Sádi-Arabíu og málefni kvenna, málefni Miðausturlanda og viðskipti. Umræða varð í fjölmiðlum um slæðunotkun þingkvennanna.*

## HEIMSÓKNIR OG FUNDIR FORSETA ALÞINGIS Í ÚTLÖNDUM Á 133. LÖGGJAFARÞINGI

| | |
|---|---|
| **Kaupmannahöfn**<br>*31. okt.–1. nóv. 2006* | Fundur norrænna þingforseta í tengslum við NR-þing.<br>*Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri, og forstöðumaður alþjóðamála, Belinda Theriault.* |
| **Indland**<br>*18.–24. nóvember 2006* | Opinber heimsókn.<br>*Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, þingmennirnir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Kristjánsson, Steingrímur J. Sigfússon og Sigríður A. Þórðardóttir, og Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri, og forstöðumaður alþjóðamála, Belinda Theriault.* |
| **Sádi-Arabía**<br>*7.–11. janúar 2007* | Opinber heimsókn.<br>*Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, þingmennirnir Rannveig Guðmundsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir, og forstöðumaður alþjóðamála, Belinda Theriault.* |
| **Kalifornía**<br>*17.–23. apríl 2007* | Opinber heimsókn.<br>*Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, þingmennirnir Sigríður A. Þórðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Hjálmar Árnason, Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri, og forstöðumaður alþjóðamála, Belinda Theriault.* |

## ERLENDAR HEIMSÓKNIR TIL ALÞINGIS Á 133. LÖGGJAFARÞINGI

| | |
|---|---|
| Vináttuheimsókn frá efri deild franska þingsins. | *6.–10. október 2006* |
| Opinber heimsókn forseta norska Stórþingsins. | *11.–15. október 2006* |
| Vestnorrænir þingforsetar. | *9.–10. maí 2007* |

## ÞÁTTTAKA ÞINGMANNA Í RÁÐSTEFNUM OG FUNDUM ERLENDIS (ÖÐRUM EN FUNDUM ALÞJÓÐANEFNDA) Á 133. ÞINGI

| | |
|---|---|
| **New York**<br>*8.–20. október 2006* | Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.<br>*Sigríður A. Þórðardóttir, Guðjón Ólafur Jónsson og Jón Bjarnason.* |
| **New York**<br>*20. okt. – 3. nóv. 2006* | Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.<br>*Halldór Blöndal, Margrét Frímannsdóttir og Jóhann Ársælsson.* |
| **New York**<br>*26. febrúar – 1. mars 2007* | 51. fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna.<br>*Ásta Möller, Guðrún Ögmundsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Dagný Jónsdóttir og Margrét Frímannsdóttir.* |

## STÖRF ALÞJÓÐANEFNDA Á 133. LÖGGJAFARÞINGI

| | |
|---|---|
| **Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins.** | Þing í Genf í október 2006, norrænn undirbúningsfundur í Reykjavík í mars 2007 og þing í Indónesíu í apríl 2007.<br>*Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 919.* |
| **Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA.** | Ráðstefna í Genf í nóvember 2006, fundur í Berlín og Genf í nóvember-desember 2006, fundir í Ottawa í febrúar 2007 og fundur í Brussel í mars 2007.<br>*Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 823.* |
| **Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.** | Fundir í Strassborg í október 2006 og janúar og apríl 2007.<br>*Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 822.* |
| **Íslandsdeild NATO-þingsins.** | Ársfundur í Québec í nóvember 2006, Transatlantic Forum í Washington í desember 2006 og fundir í Brussel í febrúar 2007.<br>*Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 913.* |
| **Íslandsdeild Norðurlandaráðs.** | Norðurlandaráðsþing í Kaupmannahöfn í október-nóvember 2006. Reglulegir fundir í Helsinki í janúar 2007 og Ósló í apríl 2007.<br>*Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 925.* |
| **Íslandsdeild þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.** | Fundir í Ósló í nóvember 2006 og Brussel í febrúar 2007.<br>*Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 934.* |
| **Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.** | Fundir í Kaupmannahöfn í október 2006.<br>*Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 936.* |
| **Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins.** | Þing í París í desember 2006.<br>*Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 915.* |
| **Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.** | Haustfundur á Möltu í nóvember 2006 og vetrarfundir í Vín í febrúar 2007.<br>*Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. 935.* |



*Forseti norska þingsins, Thorbjørn Jagland, hitti Sólveigu Pétursdóttur, forseta Alþingis, í opinberri heimsókn í október 2006.*

Alþingi tekur þátt í starfi níu fjölþjóðlegra þingmannasamtaka og á yfirliti um störf alþjóðanefnda hér til hliðar má sjá helstu fundi og ráðstefnur sem hver Íslandsdeilda sótti. Einstakir nefndarmenn sækja jafnframt ráðstefnur og nefndarfundi sem ekki eru tíundaðir hér en má finna í ársskýrslu hverrar nefndar.



*Vestnorrænir þingforsetar héldu árlegan fund sinn í Reykjavík í maí 2007. Meðal umfjöllunarefna voru öryggismál í Norðurhöfum, vestnorrænt samstarf í samgöngu- og ferðamálum og starfsemi þinganna og Vestnorræna ráðsins. Jonathan Motzfeldt, forseti grænlenska landsþingsins, forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, og Edmund Joensen, forseti færeyska lögþingsins, í Alþingisgarðinum.*

# Útgáfuefni Alþingis og fræðsla fyrir almenning

Útgáfuefni Alþingis, bæði á pappír og vef, er ætlað þingmönnum, starfsmönnum, fréttamönnum og öðrum almennum notendum.

## VEFUR ALÞINGIS

Gestir á vef Alþingis voru flestir í mars og nóvember árið 2006 enda voru þá annir á þinginu í hámarki. Gestum fækkar í þinghléum og verða alla jafna fæstir í júlí. Flettingar voru 4.775.246 á árinu (397.937 á mánuði) í 947.076 innlitum yfir árið (78.923 á mánuði) sem er talsverð aukning frá fyrra ári. Tæplega 400 fyrirspurnir bárust í tölvupósti til ritstjóra vefs Alþingis árið 2006. Langflestar vörðuðu leit að þingmálum, ræðum og öðru efni sem tengist þingstörfunum.



*Nemendur í 10. bekk í Vallaskóla á Selfossi voru við opnun á Skólaþingi, nýju kennsluveri Alþingis, þegar það var kynnt í apríl 2007. Hér eru nokkrir þeirra í þingflokksherbergi Jafningjabandalagsins.*

## HEIMSÓKNIR SKÓLANEMA OG ANNARRA HÓPA Í ALÞINGISHÚSIÐ

Árið 2006 komu 6153 gestir í Alþingishúsið sem er yfir meðaltali undanfarinna ára. Flestir gestanna eru nemendur sem koma í skipulögðum heimsóknum á vegum skóla, grunnskólanemar voru 2672, framhaldsskólanemar 1312 og háskólanemar 283. Ferðamenn voru 375. Nú er lokið framkvæmdum í Alþingishúsinu sem staðið hafa yfir undanfarin sumur og hægt er að taka á móti gestum alla mánuði ársins á ný.

Í fyrrgreindum tölum eru hvorki taldir gestir sem koma á þingpalla til að hlýða á þingfundi né gestir þingforseta.

## SKJALAAFGREIÐSLA FYRIR ALMENNING

Hjá skjalaafgreiðslu eru þingskjöl afgreidd til almennings og innan skrifstofu þingsins. Þar eru einnig veittar upplýsingar í síma um leit á vef Alþingis. Gestakomum og fyrirspurnum hefur farið fækkandi á síðustu árum enda er orðið til muna auðveldara að nálgast upplýsingar á vef.

### Heimsóknir á vef Alþingis árið 2006

| Mánuðir | Gestir | Innlit | Flettingar |
|---|---|---|---|
| janúar | 26.151 | 80.012 | 393.022 |
| febrúar | 24.900 | 83.860 | 407.629 |
| mars | 29.591 | 101.405 | 518.331 |
| apríl | 25.124 | 82.715 | 434.636 |
| maí | 24.655 | 75.285 | 360.545 |
| júní | 22.477 | 66.654 | 348.572 |
| júlí | 14.945 | 42.385 | 190.292 |
| ágúst | 18.290 | 53.373 | 248.183 |
| september | 22.173 | 70.884 | 335.175 |
| október | 28.366 | 97.502 | 506.887 |
| nóvember | 33.010 | 112.708 | 622.423 |
| desember | 28.222 | 80.293 | 409.551 |
| samtals | 297.904 | 947.076 | 4.775.246 |

## EFNI ÚTGEFIÐ AF ALÞINGI Á 133. LÖGGJAFARÞINGI

| | |
|---|---|
| Starfsáætlun Alþingis | Við upphaf þings í október. |
| Staða þingmála | Vikulega á meðan þingfundir standa. |
| Staða mála í fastanefndum | Vikulega á meðan þingfundir standa. |
| Hagfréttir upplýsingaþjónustu | Vikulega allt árið. |
| Velkomin á þingpalla | Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út þrisvar sinnum. |
| Yfirlit yfir fastanefndir | Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út tvisvar sinnum. |
| Yfirlit yfir alþjóðanefndir | Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út tvisvar sinnum. |
| Bústaðalisti | Október 2006. |
| Símaskrá Alþingis | Nóvember 2006. |
| Ársskýrsla Alþingis 2005–2006 | Desember 2006. |
| Alþingistíðindi | Reglulega allt árið. |




## NÝTT SKIPULAG SKRIFSTOFUNNAR

Í upphafi 133. þings, 2. október 2006, tók gildi nýtt skipurit fyrir skrifstofu Alþingis, en forsætisnefnd Alþingis hafði staðfest tillögu skrifstofustjóra um nýtt skipulag 29. september 2006. Megineinkenni hins nýja skipurits er að skrifstofustjóra til aðstoðar eru þrír aðstoðarskrifstofustjórar (stjórnsýsla, þingstörf, rekstur) sem ásamt honum mynda yfirstjórn skrifstofunnar. Aðstoðarskrifstofustjóri sem hefur umsjón með almennum rekstri þingsins er jafnframt staðgengill skrifstofustjóra. Undir aðstoðarskrifstofustjóra heyra samsvarandi þrjár skrifstofur sem stýrt er af forstöðumönnum. Skrifstofa Alþingis skiptist að öðru leyti í þrjú kjarnasvið og heyra forstöðumenn þeirra beint undir skrifstofustjóra.

## STARFSMENN SKRIFSTOFU ALÞINGIS 1. OKTÓBER 2006

**Skrifstofustjóri:**
Helgi Bernódusson.

**Aðstoðarskrifstofustjórar:**
Þorsteinn Magnússon aðstoðarskrifstofustjóri, stjórnsýsla.
Vigdís Jónsdóttir aðstoðarskrifstofustjóri, þingstörf.
Karl M. Kristjánsson aðstoðarskrifstofustjóri, rekstur – staðgengill skrifstofustjóra.

**Skrifstofa forseta Alþingis:**
Hafdís Helga Ólafsdóttir forstöðumaður.
Hafdís Þórólfsdóttir ritari.
Belinda Theriault forstöðumaður alþjóðamála.
Erla Nanna Jóhannesdóttir fulltrúi.
Jón Einar Böðvarsson ritstjóri efnisyfirlits og skjalavörður.

**Þingfundaskrifstofa:**
Ingvar Þór Sigurðsson forstöðumaður.
Sigurður Jónsson aðstoðarforstöðumaður.
Berglind Karlsdóttir fulltrúi.

**Fjármálaskrifstofa:**
Páll Haraldsson forstöðumaður.
Ágúst Karlsson aðalbókari.
Fjóla Valdimarsdóttir gjaldkeri, launafulltrúi.
Katrín Hermannsdóttir fulltrúi.
Saga Steinþórsdóttir launafulltrúi.

**NEFNDASVIÐ:**
Einar Farestveit forstöðumaður.
Bjarndís Gunnarsdóttir matráðskona.
Guðmundur Guðbergsson umsjónarmaður, póstþjónusta.
Hanna Sigríður Garðarsdóttir aðstoðarmatráðskona.
Ragnheiður Sumarliðadóttir umsjónarmaður.

**Fastanefndir:**
Sigrún Brynja Einarsdóttir deildarstjóri.
Elín Valdís Þorsteinsdóttir nefndarritari.
Elísabet Rán Andrésdóttir nefndarritari.
Hlín Lilja Sigfúsdóttir nefndarritari.
Selma Hafliðadóttir nefndarritari.
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari.
Sigurður Rúnar Sigurjónsson nefndarritari.

**Alþjóðanefndir:**
Stígur Stefánsson deildarstjóri.
Arna Gerður Bang alþjóðaritari (fæðingarorlof).
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþjóðaritari (launalaust leyfi).
Lárus Valgarðsson alþjóðaritari.
Tómas Brynjólfsson alþjóðaritari.

**Vestnorræna ráðið:**
Þórður Þórarinsson framkvæmdastjóri.

**Skjaladeild:**
Svala Valdemarsdóttir deildarstjóri.
Álfhildur Álfþórsdóttir skjalalesari.
Erna Erlingsdóttir skjalalesari.
Friðrik Magnússon ritstjóri.
Guðrún Þóra Guðmannsdóttir ritstjóri skjala.
Haukur Hannesson skjalalesari.
Hugrún R. Hólmgeirsdóttir skjalalesari.
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður.
Þórdís Kristleifsdóttir skjalalesari.

**UPPLÝSINGA- OG ÚTGÁFUSVIÐ:**
Solveig K. Jónsdóttir forstöðumaður/ deildarstjóri almannatengsla.

**Ræðuútgáfa:**
María Gréta Guðjónsdóttir deildarstjóri.
Sigurlín Hermannsdóttir deildarstjóri.
Berglind Steinsdóttir ræðulesari.
Birgitta Bragadóttir ræðulesari.
Björgvin Geir Kemp tæknistjóri.
Hlöðver Ellertsson ræðulesari.
Jón Ólafsson ræðuritari.
Jóna Guðmundsdóttir ræðulesari.
Kjartan Hallur Grétarsson ræðulesari.
Pétur Einarsson umsjónarmaður skjalageymslu.
Sigríður H. Þorsteinsdóttir ræðulesari.
Svanhildur Edda Þórðardóttir ræðulesari.
Sverrir Herbertsson umsjónarmaður skjalageymslu.

**Skönnun Alþingistíðinda, Ólafsfirði:**
Magnús Albert Sveinsson verkefnisstjóri.
Guðný Ágústsdóttir ritari.
Sigríður Guðmundsdóttir ritari.

**Upplýsingaþjónusta:**
Kristín Geirsdóttir deildarstjóri upplýsingaþjónustu.
Guðbjörg Kristín Kjartansdóttir fulltrúi.
Guðný Ragnarsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur.
Guðríður Bryndís Jónsdóttir fulltrúi.
Jón Ólafur Ísberg sérfræðingur.
Viggó Gíslason bókasafns- og upplýsingafræðingur.

**Almannatengsl:**
Hildur Gróa Gunnarsdóttir upplýsingafulltrúi og vefritstjóri.

**REKSTRAR- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ:**
Ólöf Þórarinsdóttir forstöðumaður/ deildarstjóri almennrar þjónustu.

**Þingvarsla:**
Guðlaugur Ágústsson deildarstjóri þingvörslu.
Friðgeir Helgason þingvörður.
Guðfinna Gísladóttir þingvörður.
Gunnar Már Jóhannsson næturvörður.
Jón Elías Gunnlaugsson næturvörður.
Kjartan Egilsson þingvörður.
Lárus Gunnlaugsson næturvörður.
Magnús Þór Ólafsson þingvörður.
María Ditas de Jesus þingvörður.
Sigurður Almar Ómarsson þingvörður.
Sigurður Guðmundsson næturvörður.
Sigurjón Sigurðsson næturvörður.
Smári Sæmundsson næturvörður.
Vilhjálmur Gunnar Jónsson þingvörður.
Þorgeir Jónsson ljósritun.
Þormóður Sveinsson vaktstjóri þingvörslu.

**Tölvudeild:**
Þorbjörg Árnadóttir deildarstjóri tölvudeildar.
Dejan Rackov forritari.
Garðar Adolfsson kerfisstjóri.
Ingvi Stígsson gagnagrunnsstjóri.
Sveinn Ásgeir Jónsson net- og kerfisstjóri.

**Almenn þjónusta:**
Bentína Haraldsdóttir fulltrúi.
Bentína Jónsdóttir ræsting.
Dóra Guðrún Pálsdóttir ritari þingmanna.
Egill Arnarson ritari þingmanna.
Elísabet Stefánsdóttir ritari þingmanna (fæðingarorlof).
Erna Guðrún Gunnarsdóttir framreiðslukona.
Erna Sampsted ræsting.
Geirfinna Guðrún Óladóttir ritari þingmanna (veikindaleyfi).
Guðríður Sigurðardóttir ræsting.
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.
Ingibjörg Jónsdóttir ritari þingamanna.
Jóna Brynja Tómasdóttir ræsting.
Magnea Áslaug Guðnadóttir ræsting.
Magnúsína Valdimarsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.
Margrét Ósk Árnadóttir ritari þingmanna.
Ólafía K. Jónsdóttir ritari þingmanna.
Ólafur G. Thorarensen umsjónarmaður fasteigna.
Ólöf Guðmundsdóttir ræsting.
Ragnar Bragason aðstoðarmaður umsjónarmanns fasteigna.
Rakel Ragnarsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.
Rannveig Haraldsdóttir ritari þingmanna.
Regína Óskarsdóttir ritari þingmanna.
Sigríður Dögg Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.
Sigríður B. Thorarensen ræsting.
Svana Björnsdóttir framreiðslukona.
Sveinborg Steinunn Olsen ræsting.
Þorbjörg Sigríður Þorsteinsdóttir matráðskona.
Þórunn Einarsdóttir ræsting.

## YFIRSTJÓRN OG FORSTÖÐUMENN

Yfirstjórn skrifstofunnar, sem skipuð er Helga Bernódussyni, Karli M. Kristjánssyni, Vigdísi Jónsdóttur og Þorsteini Magnússyni, hélt líkt og á undanförnum árum vikulega fundi meðan þing sat, en færri fundir voru í þinghléi. Fundir voru yfirleitt haldnir fyrir hádegi á þriðjudögum og á 133. þingi voru alls haldnir 18 fundir. Sameiginlegir fundir yfirstjórnar og forstöðumanna voru að jafnaði haldnir í framhaldi af fundum yfirstjórnar og voru slíkir fundir 14 á 133. þingi. Þá hélt skrifstofustjóri einn fund með öllum stjórnendum á skrifstofunni (forstöðumönnum og deildarstjórum).

## NÁMSLEYFI

Á 133. löggjafarþingi var einn starfsmaður í námsleyfi fyrri hluta ársins 2007, Álfhildur Álfþórsdóttir, skjalalesari á nefndasviði. Námsleyfið nýtti Álfhildur til náms í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands ásamt því að sækja námskeið í fleiri deildum.



*Guðmundur Guðbergsson, fyrrverandi þingvörður og umsjónarmaður, flytur ræðu í kveðjusamsæti sínu.*

## KVEÐJUSAMSÆTI FYRIR STARFSMENN

Þrír starfsmenn skrifstofunnar létu af störfum fyrir aldurs sakir á 133. þingi, Bryndís Jónsdóttir, Guðmundur Guðbergsson og Jensína Guðjónsdóttir. Jensína lét af störfum í september 2006, Bryndís um áramót og Guðmundur í mars 2007. Kveðjusamsæti var haldið fyrir Jensínu í Skála Alþingis 20. október 2006 og um leið var haldið kveðjusamsæti fyrir Úlfar Sveinbjörnsson, en hann lét af störfum í lok 132. þings. Kveðjuhóf fyrir Bryndísi var haldið 3. febrúar 2007 og fyrir Guðmund 28. mars sama ár. Skrifstofustjóri Alþingis og formaður starfsmannafélagsins færðu þeim gjafir og þökkuðu fyrir vel unnin störf í áraraðir.

## ERLEND SAMSKIPTI STARFSFÓLKS Á ÁRINU 2006

| | |
|---|---|
| **Brussel** | Námskeið fyrir ritara landsdeilda NATO-þingsins. *Stígur Stefánsson, alþjóðaritari.* |
| **Dublin** | Heimsókn í írska þingið. *Vigdís Jónsdóttir, forstöðumaður þingfundasviðs, Berglind Karlsdóttir, fulltrúi á þingfundasviði, María Gréta Guðjónsdóttir og Sigurlín Hermannsdóttir, ritstjórar ræðuparts, og Sigurður Jónsson, aðstoðarforstöðumaður þingfundasviðs.* |
| **Ósló** | Heimsókn í norska þingið. *Hafdís Helga Ólafsdóttir, forstöðumaður nefndasviðs.* |
| **París** | OECD Forum 2006. *Hlín Lilja Sigfúsdóttir, lögfræðingur á nefndasviði.* |
| **Stokkhólmur/Ósló** | Skólaþing, könnunarleiðangur hjá sænska og norska þinginu. *Solveig K. Jónsdóttir, deildarstjóri almannatengsla, Karl M. Kristjánsson, aðstoðarskrifstofustjóri, Sigurlín Hermannsdóttir, ritstjóri ræðuparts, Einar Farestveit, forstöðumaður á nefndasviði, og Gerður Kristný Guðjónsdóttir, höfundur handrits Skólaþings.* |
| **Kaupmannahöfn** | Ráðstefna um lögfræðiupplýsingar og fundur forstöðumanna norrænna þingbókasafna. *Kristín Geirsdóttir, deildarstjóri upplýsingaþjónustu.* |
| **Kaupmannahöfn** | Fundur upplýsingafulltrúa norrænu þinganna. *Solveig K. Jónsdóttir, deildarstjóri almannatengsla.* |
| **Kaupmannahöfn** | Stjórnar- og samráðsfundur í stjórn Jónshúss og bókmenntahátíð. *Karl M. Kristjánsson, aðstoðarskrifstofustjóri.* |
| **Maastricht** | Námskeið í Evrópuupplýsingum. *Guðný Ragnarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur.* |
| **Vilníus** | Ársfundur vinnuhóps ECPRD. *Þorbjörg Árnadóttir, deildarstjóri tölvudeildar.* |
| **London** | Ársfundur tengiliða á vegum ECPRD (European Centre for Parliamentary Research and Documentation). *Viggó Gíslason, bókasafns- og upplýsingafræðingur.* |
| **Stokkhólmur** | Fundur skrifstofustjóra Norðurlandaþinganna. *Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri.* |
| **Salt Lake City** | Alþjóðaráðstefna PRSA - almannatengslasamtaka Bandaríkjanna. *Solveig K. Jónsdóttir, forstöðumaður upplýsinga- og útgáfusviðs.* |
| **Kaupmannahöfn** | Fundur í stjórn Jónshúss og móttaka listaverka Þórunnar Guðmundsdóttur. *Karl M. Kristjánsson, aðstoðarskrifstofustjóri.* |
| **Búdapest** | Stöðufundur á vegum Mobile Elected Representative. *Þorbjörg Árnadóttir, deildarstjóri tölvudeildar.* |

# *Húsakostur Alþingis*



*Alþingishúsið var lýst bleiku ljósi í október 2006. Var það táknrænn stuðningur Alþingis og alþingismanna við baráttuna gegn þeim vágesti sem brjóstakrabbamein er. Alþingi slóst þannig í hóp margra þekktra stofnana víða um veröld í sérstöku alþjóðlegu árveknisátaki gegn brjóstakrabbameini.*

## HÚS Í EIGU ALÞINGIS

| | Starfsemi |
|---|---|
| **Alþingishúsið** | Þingsalur, fundarherbergi, vinnuaðstaða fréttamanna og skrifstofur starfsmanna. |
| **Skáli** | Aðalinngangur í Alþingishúsið, pósthólf þingmanna, fundarherbergi, símaskiptiborð, matsalur, bílageymsla og ljósritun. |
| **Þórshamar** | Skrifstofur starfsmanna upplýsinga- og útgáfusviðs og rekstrar- og þjónustusviðs. |
| **Vonarstræti 8** | Skrifstofur starfsmanna upplýsinga- og útgáfusviðs. |
| **Vonarstræti 12** | Skrifstofur þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins. |
| **Blöndahls- og Kristjánshús** | Skrifstofur forseta Alþingis, skrifstofustjóra, starfsfólks forsetaskrifstofu og fjármálaskrifstofu. |
| **Jónshús í Kaupmannahöfn** | Félagsheimili og bókasafn Íslendinga í Kaupmannahöfn. Minningasafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur. |
| **Fræðimannsíbúð í Kaupmannahöfn** | Sérstök nefnd úthlutar árlega íbúðinni til fræðimanna eftir umsóknum. |

## HÚS SEM ALÞINGI LEIGIR

| | |
|---|---|
| **Austurstræti 6** | Skrifstofur starfsfólks nefndasviðs. |
| **Austurstræti 8–10** | Skrifstofur þingmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Skrifstofur starfsmanna nefndasviðs og fundarherbergi fastanefnda. |
| **Austurstræti 12** | Skrifstofur þingmanna Samfylkingarinnar. |
| **Austurstræti 14** | Skrifstofur þingmanna Samfylkingarinnar. |

## UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Umboðsmaður Alþingis starfar samkvæmt lögum nr. 85/1997. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Nánar er kveðið á um hlutverk umboðsmanns í reglum nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, sbr. reglur nr. 106/1994. Umboðsmaður Alþingis er kjörinn til fjögurra ára í senn. Á haustþingi 2003 var Tryggvi Gunnarsson endurkjörinn umboðsmaður Alþingis til fjögurra ára frá 1. janúar 2004 að telja. Á árinu 2006 voru skráð 273 mál. Þar af voru 266 kvartanir en sjö mál voru tekin upp að eigin frumkvæði umboðsmanns. Lokið var 282 málum (78 voru til meðferðar í ársbyrjun en 69 í árslok). Starfsmenn umboðsmanns Alþingis voru 10 í árslok 2006.

## RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar og lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk stofnunarinnar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Þá getur stofnunin m.a. framkvæmt stjórnsýslu- og umhverfisendurskoðanir. Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Sigurður Þórðarson var endurráðinn í embætti ríkisendurskoðanda til sex ára frá og með 1. júlí 2004. Fastráðnir starfsmenn voru 47 í árslok 2006. Enn fremur voru á sama tíma í gildi samningar við 14 löggilta endurskoðendur eða skrifstofur um endurskoðun ríkisfyrirtækja og stofnana. Samtals áritaði stofnunin 337 ársreikninga og samdi 241 endurskoðunarskýrslu á árinu 2006. Auk Endurskoðunar ríkisreiknings sendi stofnunin frá sér fimm opinberar skýrslur og leiðbeiningarrit og 18 greinargerðir.

## JÓNSHÚS Í KAUPMANNAHÖFN

Jónshús við Øster-Voldgade 12 í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1967 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður gaf það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur. Þau hjón bjuggu í húsinu frá árinu 1852 allt til dauðadags 1879. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu og nú er þar félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn, bókasafn og minningasafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur. Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið og íslenski söfnuðurinn aðstöðu í húsinu. Þá er þar íbúð umsjónarmanns sem áður var íbúð sendiráðsprests sem gegndi jafnframt stöðu umsjónarmanns. Árið 1991 var keypt íbúð við Skt. Paulsgade 70 fyrir fræðimann en fram að því höfðu fræðimenn haft íbúð í Jónshúsi. Nú er þar vinnuherbergi fyrir fræðimann.

Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri hússins í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar. Sérstök nefnd úthlutar árlega íbúðinni til fræðimanna eftir umsóknum. Fyrir tímabilið 1. september 2006 til 31. ágúst 2007 bárust 16 umsóknir um afnot af íbúðinni. Sjö fræðimenn fengu úthlutað:

Bjarnheiður Guðmundsdóttir, til að rannsaka forvarnir gegn bakteríusjúkdómum í fiskeldi.

Gísli Pálsson, til að vinna að rannsóknum á viðhorfum til votlendis.

Guðrún Marteinsdóttir, til að rannsaka áhrif umhverfis á útbreiðslu þorsks og annarra fiskistofna.

Helgi Þorláksson, til að vinna að rannsókn á sögu utanlandsverslunar Íslands.

Páll Theódórsson, til að rannsaka sögu tækniþróunar og brautryðjenda.

Róbert Spanó, til að vinna að rannsóknum á þróun í danskri dómaframkvæmd, skrifum fræðimanna og kennsluháttum í lögskýringarfræði.

Sigfinnur Þorleifsson, til að rannsaka áhrif helgiathafna í úrvinnslu sorgar.

# Sérstakar athafnir

Á 133. löggjafarþingi stóð forseti Alþingis fyrir tveimur athöfnum.

## KYNNING Á SKÓLAÞINGI 27. APRÍL 2007

Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, kynnti Skólaþing og afhenti viðurkenningu fyrir tillögu að merki Skólaþings 27. apríl í húsnæði Skólaþings í Austurstræti 8–10.

Á Skólaþingi fara nemendur í hlutverkaleik og fylgja í stórum dráttum reglum um starfshætti Alþingis.

Efnt var til samkeppni um merki Skólaþings meðal grunnskólanema í samstarfi við Námsgagnastofnun og Félag íslenskra myndlistarkennara. Yfir 100 tillögur bárust og átti Hafþór Smári Sigþórsson vinningshugmyndina en hann er í 10. bekk í Vallaskóla á Selfossi. Örn Smári Gíslason, grafískur hönnuður, útfærði og fullvann merkið.

Miðað er við að einn bekkur komi í Skólaþing í einu og heimsóknin taki um tvær og hálfa klukkustund. Á þeim tíma fá nemendur tækfæri til að setja sig í spor þingmanna með því að leiða ákveðin málefni sem fyrir þá eru lögð til lykta á þingflokksfundum, nefndarfundum og þingfundum. Jafnframt munu þeir heyra rök álitsgjafa. Þannig er ætlunin að veita innsýn í sambandið milli atburða í samfélaginu, skoðanamyndunar, pólitískra ákvarðana og starfa Alþingis og sýna áhrif almennings, sérfræðinga, fjölmiðla og hagsmunaaðila á löggjafarstarf. Nemendur komast að niðurstöðu með því að hlusta og meta rök og álit annarra, tjá eigin skoðun, taka afstöðu og ná málamiðlun.

Með kennsluverinu er komið til móts við áhuga skóla á því að koma með nemendur í vettvangsferðir á Alþingi en á síðasta ári heimsóttu hátt í 3000 grunnskólanemar þingið. Skólaþinginu er þannig ætlað að auka fjölbreytni í fræðslu um Alþingi en skólum er í sjálfsvald sett hvort þeir nýta þennan möguleika enda verða hefðbundnar skoðunarferðir áfram




*Hafþór Smári Sigþórsson, nemandi í Vallaskóla á Selfossi, vann hugmyndasamkeppni um merki Skólaþings. Örn Smári Gíslason, grafiskur hönnuður, útfærði og fullvann merkið. Á milli þeirra og forseta Alþingis, Sólveigar Pétursdóttur, má sjá merkið á skjá.*

í boði. Hjá efri bekkjum grunnskóla eru heimsóknirnar gjarnan í tengslum við kennslu í lífsleikni og þjóðfélagsfræði en í aðalnámskrá grunnskóla eru m.a. sett fram þau markmið fyrir kennslu í þessum greinum að miða skuli að því að auka skilning nemenda á reglum samfélagsins og hvar þær eru settar.

Fyrsta kennsluverið af þessu tagi var opnað árið 2003 við danska þingið og síðan hafa verið sett upp sams konar kennsluver við norska og sænska þingið.

Skólaþingið er sett á laggirnar samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar að frumkvæði forseta Alþingis, Sólveigar Pétursdóttur. Árið 2006 var hópi starfsmanna skrifstofu Alþingis falið að hefja undirbúning og hafa umsjón með verkefninu og ráða sérfræðinga til handritsgerðar, hönnunar og forritunar.

Starfsmenn skrifstofu Alþingis sem höfðu umsjón með undirbúningi Skólaþings eru: Karl M. Kristjánsson, Solveig K. Jónsdóttir, Þorbjörg Árnadóttir, Sigurlín Hermannsdóttir og Einar Farestveit. Fjölmargir aðrir starfsmenn skrifstofunnar lögðu hönd á plóginn við ýmis verkefni tengd undirbúningi Skólaþings.

Handrit: Gerður Kristný.

Arkitektar: Guðrún Fanney Sigurðardóttir, Tangram. Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, Studio Bility. Massimo Santaniccia, LHÍ.

Rafhönnuðir: Guðjón L. Sigurðsson, Kristinn Steinn Traustason, Þórdís Rós Harðardóttir, Rafteikning hf.

Hönnun og vinnsla margmiðlunarefnis: Anna Katrín Guðmundsdóttir, Berglind Káradóttir, Kristín Eva Ólafsdóttir, Gagarín.

Yfirlestur á handriti: Ellen Klara Eyjólfsdóttir, Námsgagnastofnun. Lilja M. Jónsdóttir, KHÍ.

Verkefnastjóri frá Framkvæmdasýslu ríkisins: Gísli Tryggvason.

Verklegar framkvæmdir við húsnæði Skólaþings: Álnabær, GÁ húsgögn, Einar Beinteins ehf., Epal, Exton, Formatlausnir ehf., GG lagnir, Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari, Ísloft – blikk- og stálsmiðja ehf.,

Litaver, Málarasmiðjan ehf., Merkjalist, Rafteikning hf., Rými, Steggur ehf., Style, Tengi ehf., Raftíðni ehf., Stálsmiðjan ehf., VSB verkfræðistofa.

Umsjón með samkeppni um merki Skólaþings: Jón Guðmundsson, Námsgagnastofnun.

## KYNNING Á NÝJUM HÚSGÖGNUM Í ALÞINGISHÚSINU 27. APRÍL 2007

Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, kynnti ný húsgögn í Alþingishúsinu. Húsgögnin eru íslensk hönnun.

Endurnýjun húsgagna í Alþingishúsinu er liður í þeim gagngeru endurbótum á Alþingishúsinu sem staðið hafa síðan 2003 en veigamestu þáttum þeirra lauk haustið 2005. Leitað var til þriggja íslenskra húsgagnahönnuða um tillögur að nýjum húsgögnum fyrir 1. og 2. hæð í Alþingishúsinu, en ákveðið var að bíða með endurnýjun húsgagna í þingsal um sinn.

Forsætisnefnd Alþingis samþykkti í september 2005, að fenginni tillögu matsnefndar, að samið yrði við Leó Jóhannsson húsgagnahönnuð um nánari útfærslur, annars vegar á hægindastól og hins vegar fundarborðum. Honum var svo falið að hanna fleiri húsgögn fyrir Alþingishúsið, m.a. fundarstóla, húsgögn á skrifstofu forseta Alþingis og sófa og borð fyrir efrideildarsalinn sem nú er notaður sem setustofa og móttökusalur.

Húsgögnin eru öll úr eik og stólarnir eru klæddir leðri. Litir á áklæði taka mið af litum í Alþingishúsinu sem allir eru upprunalegir. Á hluta borðanna eru glerplötur með myndskreytingum sem eru vísun í Lögréttu og goða sem þar áttu sæti.

Fram undan er að endurnýja lýsingu í Alþingishúsinu og hefur Leó Jóhannsson verið fenginn til verksins í samstarfi við sænska ljósahönnuðinn Bengt Kjällgren.



*Nýjum húsgögnum eftir húsgagnahönnuðinn Leó Jóhannsson, sem framleidd voru af Á. Guðmundssyni ehf. og fleirum, var komið fyrir á 1. og 2. hæð Alþingishússins vorið 2007.*

Hönnuður húsgagna: Leó Jóhannsson, lektor við Háskólann í Linköping, deildarstjóri í Carl Malmsten Centrum för Träteknik & Design í Stokkhólmi.

Aðrir hönnuðir/arkitektar: Batteríið ehf., arkitektar. Þorsteinn Gunnarsson arkitekt.

Aðalframleiðandi húsgagna: Á. Guðmundsson ehf.

Undirverktakar: Trésmiðjan Grein ehf. Stáliðjan. Húsgagnaverksmiðjan Gärsnäs í Svíþjóð. Tärnsjö Garveri AB í Svíþjóð. Glerverksmiðjan Gemax í Svíþjóð. Vinnustofa Atla Hilmarssonar. Merking ehf.



# *Ársreikningur Alþingis 2006*



## Staðfesting forseta Alþingis og skrifstofu

Á árinu 2006 varð 73.968 þús. kr. tekjuafgangur af rekstri Alþingis. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 203.540 þús. kr. og eigið fé nam 175.713 þús. kr. í árslok 2006.

Forseti Alþingis, skrifstofustjóri Alþingis og aðstoðarskrifstofustjóri á fjármálaskrifstofu staðfesta ársreikning Alþingis fyrir árið 2006 með áritun sinni.

Alþingi, 2. maí 2007

Sólveig Pétursdóttir
forseti Alþingis

Helgi Bernódusson
skrifstofustjóri Alþingis

Karl M. Kristjánsson
aðstoðarskrifstofustjóri

## Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Alþingis fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Alþingis og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a. að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka, að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur, að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur m.a. í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Alþingis á árinu 2006, efnahag 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 6. maí 2007

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Sigurjón I. Haraldsson
skrifstofustjóri

# Rekstrarreikningur fyrir árið 2006

| Rekstrartekjur: | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Sölutekjur | 9.122.468 | 8.503.365 |
| Aðrar tekjur | 2.505.976 | 4.060.514 |
| | 11.628.444 | 12.564.879 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| Alþingiskostnaður | 699.467.013 | 654.064.400 |
| Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka | 55.000.000 | 55.000.000 |
| Fastanefndir | 9.098.160 | 8.010.851 |
| Alþjóðasamstarf | 62.824.969 | 98.675.696 |
| Almennur rekstur | 676.663.951 | 639.984.380 |
| Sérverkefni | 25.655.804 | 23.621.343 |
| Rekstur fasteigna | 165.658.626 | 150.656.508 |
| | 1.694.368.523 | 1.630.013.178 |
| Viðhald fasteigna | 56.124.072 | 133.613.438 |
| Stofnkostnaður | 49.606.951 | 78.393.046 |
| | 1.800.099.546 | 1.842.019.662 |
| Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða | ( 1.788.471.102) | ( 1.829.455.783) |
| Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld) | 5.539.117 | 3.802.974 |
| Tekjuhalli án ríkisframlags | ( 1.782.931.985) | ( 1.825.652.809) |
| Ríkisframlag | 1.856.900.000 | 1.854.700.000 |
| Tekjuafgangur (-halli) | 73.968.015 | 29.047.191 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2006

| **Eignarhlutir í félögum:** | **2006** | **2005** |
|---|---|---|
| Hlutafé | 92.000 | 92.000 |
| | | |
| **Veltufjármunir:** | | |
| Ríkissjóður | 177.281.214 | 113.931.812 |
| Birgðir | 597.600 | 1.504.938 |
| Viðskiptakröfur | 7.327.072 | 9.837.186 |
| Handbært fé | 18.242.176 | 13.503.321 |
| Veltufjármunir | 203.448.062 | 138.777.257 |
| | | |
| Eignir alls | 203.540.062 | 138.869.602 |
| | | |
| **Eigið fé og skuldir:** | | |
| **Höfuðstóll:** | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | 101.653.479 | 72.605.888 |
| Tekjuafgangur (-halli) ársins | 73.968.015 | 29.047.191 |
| Höfuðstóll | 175.621.494 | 101.653.479 |
| | | |
| **Annað eigið fé:** | | |
| Framlag til eignamyndunar | 92.000 | 92.000 |
| Annað eigið fé | 92.000 | 92.000 |
| | | |
| Eigið fé | 175.713.094 | 101.745.479 |
| | | |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Ríkissjóður | | |
| Viðskiptaskuldir | 27.826.968 | 37.124.178 |
| | 27.826.968 | 37.124.178 |
| | | |
| Eigið fé og skuldir | 203.540.462 | 138.869.257 |

# Skýringar með ársreikningi 2006 (útdráttur)

## Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Alþingis er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

## Fjárheimildir og rekstur

Framlag á fjárlögum til Alþingis nam 1.852,9 millj. kr. á árinu 2006. Viðbótarfjárheimild á fjáraukalögum nam samtals 17,2 millj. kr. til ýmissa verkefna en stærsti liðurinn var alþjóðasamstarf með 8,2 millj. kr. vegna hækkunar á launaliðum. Þá lækkuðu fjárheimildir vegna launa um 13,2 millj. kr. Fjárheimildir ársins 2006 námu því alls 1.856,9 millj. kr. Rekstrargjöld Alþingis, að frádregnum sértekjum, námu samtals 1.782,9 millj. kr. og urðu því um 73,9 millj. kr., þ.e. tæp 4% innan fjárheimilda ársins 2006. Sundurliðun er sem hér greinir (í þús. kr.):

| | Reikningur 2006 | Fjárheimild 2006 | Mismunur kr. |
|---|---|---|---|
| Alþingiskostnaður | 699.467 | 716.300 | 16.833 |
| Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka | 55.000 | 55.000 | 0 |
| Fastanefndir | 9.098 | 16.900 | 7.802 |
| Alþjóðasamstarf | 62.825 | 90.400 | 27.575 |
| Almennur rekstur | 676.664 | 680.200 | 3.536 |
| Sérverkefni | 25.656 | 30.300 | 4.644 |
| Rekstur fasteigna | 165.659 | 163.600 | ( 2.059) |
| Viðhald fasteigna | 56.124 | 60.000 | 3.876 |
| Stofnkostnaður, tæki, fasteignir | 49.607 | 52.600 | 2.993 |
| | 1.800.100 | 1.865.300 | 65.200 |
| Sértekjur | ( 11.628) | ( 8.400) | 3.228 |
| Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld) nettó | ( 5.539) | 0 | 5.539 |
| Samtals | 1.782.932 | 1.856.900 | 73.968 |

## Tegundir gjalda

Gjöld ársins 2006 umfram tekjur námu 1.782,9 millj. kr. og skiptast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Launakostnaður skrifstofu Alþingis | 552.881.961 | 537.629.568 |
| Þingfararkaup aðal- og varamanna | 493.186.886 | 463.122.947 |
| Þingfararkostnaður aðal- og varamanna | 206.280.127 | 190.941.453 |
| Önnur gjöld | 488.632.392 | 589.156.494 |
| Tilfærslur | 59.363.500 | 61.203.000 |
| Gjöld samtals | 1.800.344.866 | 1.842.053.462 |
| Sértekjur | ( 17.412.881) | ( 16.400.653) |
| Gjöld umfram tekjur | 1.782.931.985 | 1.825.652.809 |

## SKULDBINDINGAR UTAN EFNAHAGS

**Lífeyrisskuldbindingar**

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Alþingis eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru þær ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna Alþingis hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

## SUNDURLIÐANIR

### Alþingiskostnaður

Þingfararkaup er föst laun alþingismanna. Þingfararkostnaður, fastar greiðslur, er starfskostnaður, ferðakostnaður í kjördæmi og húsnæðis- og dvalarkostnaður. Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur, er ýmis kostnaður samkvæmt reikningum tengdum alþingismönnum, s.s. símakostnaður, ferðakostnaður innan lands, dagblaðakaup, tryggingar o.fl. Þingfararkaup hækkaði þrisvar á árinu 2006 samkvæmt úrskurði kjararáðs, fyrst 1. janúar um 2,5%, svo 1. júlí um 3% og loks 1. október um 3,6%. Á árinu 2006 hækkaði þingfararkostnaður, fastar greiðslur, um 4,14% en ferðakostnaður í kjördæmi um 1,24% frá sama tíma.

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Þingfararkaup | 493.186.886 | 463.122.947 |
| Þingfararkostnaður, fastar greiðslur | 113.228.355 | 107.852.535 |
| Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur | 93.051.772 | 83.088.918 |
| | 699.467.013 | 654.064.400 |

### Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka

Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka er greiðsla Alþingis til þingflokka samkvæmt fjárlögum.

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Þingflokkur Framsóknarflokksins | 10.514.704 | 10.514.704 |
| Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins | 19.411.764 | 19.007.354 |
| Þingflokkur Samfylkingarinnar | 16.985.296 | 16.985.296 |
| Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs | 4.852.940 | 4.852.940 |
| Þingflokkur Frjálslynda flokksins | 3.235.296 | 3.639.706 |
| | 55.000.000 | 55.000.000 |

## Alþjóðasamstarf

Erlent samstarf á vegum Alþingis felst í þátttöku þingmanna í alþjóðlegum þingmannanefndum, alls átta nefndum, auk þátttöku í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Í tengslum við þessa þátttöku eru reglulega haldnir fundir og ráðstefnur á Íslandi. Útgjöld við alþjóðasamstarf af þessu tagi námu 62,8 millj. kr. og voru þau 35,8 millj. kr. lægri en á árinu 2005. Þar munar mest um að á árinu 2005 var ársþing Norðurlandaráðs haldið hér á landi og kostaði það rúmar 34,5 millj. kr.

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Norðurlandaráðsþing í Reykjavík | 0 | 34.546.462 |
| Íslandsdeild Norðurlandaráðs | 11.570.803 | 13.399.593 |
| Íslandsdeild NATO-þingsins | 5.044.968 | 5.456.573 |
| Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins | 4.620.919 | 6.653.768 |
| Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA | 4.597.968 | 5.613.921 |
| Alþjóðaþingmannasambandið | 6.222.949 | 6.054.439 |
| Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins | 8.396.601 | 6.804.882 |
| Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna | 3.715.281 | 3.154.911 |
| Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu | 2.940.038 | 2.480.423 |
| Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins | 1.455.281 | 1.352.057 |
| Ráðstefnur og fundir á Íslandi | 10.244.884 | 9.918.055 |
| Annað erlent samstarf | 4.015.277 | 3.240.612 |
| | 62.824.969 | 98.675.696 |

| | |
|---|---|
| ALÞINGI: | 150 Reykjavík<br>Sími: 563 0500<br>Fax: 563 0550<br>skrifstofa@althingi.is<br>www.althingi.is |
| SKRIFSTOFUSTJÓRI: | Helgi Bernódusson |
| RÍKISENDURSKOÐUN: | Skúlagötu 57<br>105 Reykjavík<br>Sími: 561 4121<br>Fax: 562 4546<br>postur@rikisend.is<br>www.rikisend.althingi.is |
| RÍKISENDURSKOÐANDI: | Sigurður Þórðarson |
| UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS: | Álftamýri 7<br>108 Reykjavík<br>Sími: 510 6700<br>Fax: 510 6701<br>postur@umb.althingi.is<br>www.umbodsmaduralthingis.is |
| UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS: | Tryggvi Gunnarsson |



© Skrifstofa Alþingis, 2007



| | |
|---|---|
| ÁRSSKÝRSLA ALÞINGIS: | Störf 133. löggjafarþings<br>Ársreikningur árið 2006<br>ISSN 1561-7661<br>Upplag: 400 eintök |
| Ljósmyndir: | Sigurgeir Sigurjónsson: forsíða, bls. 4, 29, 30<br>Bragi Þór Jósefsson: bls. 5, 7, 9, 10, 11, 12, 14, 15, 20, 24, 26<br>Guðmundur Ingólfsson: bls. 27<br>Aðrar myndir tóku starfsmenn skrifstofu Alþingis<br>Prentvinnsla: Svansprent ehf.<br>Önnur útgáfa: nóv. 2013 leiðréttingar á bls. 17. |

ALÞINGI

Alþingi • 150 Reykjavík • Sími 563 0500 • Fax 563 0550 • www.althingi.is